

HÁSKÓLI ÍSLANDS HUGMYNDASAMKEPPNI UM SKIPULAG HÁSKÓLASVÆÐISINS

Háskóli Íslands hefur mjög sterka ímynd í vitund þjóðarinnar. Sennilega er Aðalbygging HÍ eitt þekktasta tákn í landinu. Hins vegar er nokkuð víst að mun færri gera sér grein fyrir hversu víðeðmt Háskólasvæðið er og hversu margþætt og mikilsvörð starfsemi fer þar fram.

- Lausleg styrkleikagreining leiðir í ljós að helstu styrkleikar Háskólasvæðisins í dag eru:
- Sterk ímynd, mikil og almenn tiltrú, áberandi byggingar og ríkur staðarandi.
 - Góð staðsetning við miðborg Reykjavíkur og í jaðri helsta og mesta uppbyggingasvæðis landsins til framtíðar.
 - Náðýli við Vatnsmýrina, náttúru og vatnsverndarsvæði inni í miðborg.
 - Talsverð rýmd og fjölbreytileiki innan svæðisins.
 - Góð samgöngutengsl.

- Helstu veikleikar svæðisins virðast vera:
- Þangað sækir nokkuð einsleitur hópur fólks.
 - Svæðið hefur óskýr mörk.
 - Á svæðinu er ósamstæð og ósamfelld byggð á nokkrum berangri.
 - Byggðin myndar ekki heild. Hún er sundurskorin af breiðri umferðaræð þar sem akandi umferð er í algjörum forgangi.
 - Innan svæðisins er umferðarkerfi óskýrt og gönguleiðir víða á bersvæði og lítt aðlaðandi.

Tækifæri til útbóta virðast óþrjótandi og engar ógnir stöðja að nema þá einna helst hætta á einangrun í samfélaginu og skortur á fjármagni til uppbyggingar.

Til þess að styrkja stöðu Háskóla Íslands og gera fjölbætta starfsemi hans sýnilegri er lagt til að Háskólalóðin verði skilgreind nákvæmlega og mörk hennar gerð áberandi með því að varða þau á listfenginn og hófsaman hátt. Sérkenni svæðisins sem vettvangur menningar og mennta verði dregin fram og áhersla lögð á umhverfissvítund.

Það er mikilvægt að Háskólalóðin verði gerð aðgengilegri fyrir almenning með því að ljá henni frekari styrk sem safna- og sýningasvæði. Nú þegar eru til staðar þjóðminjasafn, Þjóðarbókhlaða og Handritasafn, auk Norræna hússins og annarra opinna rýma í ymsum skóla- og þjónustubyggingum, sem sintt geta þessu hlutverki. Frekari stuðningur gæti verið fólgin í flutningi þjóðskjalasafns að þjóðarbókhlóðu, að koma á fót nýju vísinda- og tæknisafni tengdu þjóðminjasafni og langþráðu náttúruminjasafni í tengslum við Óskju sem yrði veglegt og tæki til allra þátta náttúru lands, sjávar og himinhvöls. Eftir því sem fleiri alast upp í borgarumhverfi og tölvunotkun eykst með sýndarveruleika í fyrirtúmi verður sífelit mikilvægara að fræða mannfélið um náttúru veraldar og styrkja tengslin við hana. Þarna er brýnt að Háskóli Íslands taki afgerandi forystu.

Önnur leið til þess að auka aðkomu almennings að Háskólasvæðinu og styrkja ímyndina enn frekar er að stórefla Endurmenntun Háskóla Íslands. Þessi ráðstöfun yrði til þess fallin að draga fleiri inn á menntavegin og hækka almennt menntunarstig þjóðarinnar. Í ljósi mikils brottfalls á framhaldsskólastigi er þeim mun mikilvægara að Háskóli Íslands geri fólki kleift með fjölbreyttu og öflugu námsframboði að bæta stöðu sína þegar það er tilbúið.

Þessi tillaga hefur að leiðarljósi að styðja við og byggja á ofangreindum styrkleikum. Jafnframt verða bornar fram margvíslegar tillögur til að ráða bót á helstu veikleikum þar sem Háskólasvæðið býr yfir fjölbreyttum möguleikum til framtíðar.



Suðurgata


Helstu markmið tillögunnar eru:

- **Afmarka Háskólasvæðið með skýrum hætti án þess að draga úr núverandi samhengi.**
Að ramma Háskólasvæðið inn með ýmis konar einingum svo sem vindskermum, hjólastæðum, lágum veggjum á köflum og röðum af lauftrjám sömu tegundar til þess að afmarka hinn eiginlega „cam pus“ eða Háskólaóð án þess að skilja hana algjörlega frá að liggjandi umhverfi. Tilgangur þessa er í senn huglæg afmörkun fræðarymis til þess að skynja megi hvenær stigið er inn fyrir mörkin og hins vegar fegrun umhverfis og áminning um sögulega sérstöðu fræðasetra í landinu. Afmörkunin á að hvetja til inngöngu og draga úr áhættu á einangrun. Auðvelt er að prófa sig áfram með þetta og fullgera verkið á löngum tíma ef tilraunin heppnast vel og fellur í kramið.
- **Styrkja tengingar við nánasta umhverfi, sérstaklega við miðborgina.**
Hugsanlega má upphefja gatna- og stígatengingar inn á svæðið með lágstemmdum torgmyndunum, aðrepi fyrir útlitstaverk eða þvímiliku til þess að gefa til kynna hin vægu skil. Með þessu móti er hægt að ákvarða styrkleika tenginga eftir mikilvægi og móta hughrif. Gatna- og stígtengingar eru víða bæði við útivistarsvæði og aðliggjandi íbúðarhverfi. Megin umferðaræð borgarinnar liggur í jaðri svæðisins og stutt er í aðalstígakervið sem tengir svæðið við aðra borgarhluta. Mikilvægust er tengingin við miðborgina. Hana þarf að útfæra með sérstökum hætti þar sem djúp gjá liggur á milli. Lagt er til að breyta Hringbraut frá gatnamótum. Sæmundargötu að Melatorgi. Mikill hraði er á umferð þarna í vestrútt allt að hringtorgi þar sem ökumenn neyðast til að hægja ferðina vegna torgsins. Einnig virðist gefið í þegar komið er út úr hringtorginu og stefnt austur á á bóginn. Með því að hækka götuna á umræddum kafla, gera ráðstafanir til að hægja á t.d. með grófara götufyrirbæði og gefa gangandi og hjólandi umferð forgang má styrkja tengslin við meginleiðir að miðborginni um Hljómskálagarð, Tjarnar- og Bjarkargötu. Á þennan hátt myndast ró á þessu svæði sem augljóslega er kækomín fyrir íbúa í nærliggjandi húsum. Þetta er raunhæft lausn vegna þess að ekki er lengur sjálfgefið að akandi umferð hafi alls staðar fogang. Dregið er úr hraða umferðar einungis 200metrum fyrr en ella og þar að auki verður hægt að fella niður gönguljós sem stóðva akandi umferð þarna á tilviljanakenndan hátt. Fullryrða má samkvæmt reynslu af ýmsum erlendum tilraunum að ráðstöfun sem þessi virk ar.
- **Sameina svæðið í eina heildstæða byggð.**
Háskólaóðin byggist upp í kringum Aðalbygginguna sem tekin var í notkun árið 1940. Á rúmlega 70 árum eru byggð hús yfir mismunandi fræðigreinar hér að þar á svæðinu. Háskólaþyggðin er sundurlelt og ósamstæð og einkennist af sterkum „einstaklingum“ á lítt grónu bersvæði. Það er þó kostur að engin háskólaþyggning ris hátt yfir aðrar og umhverfismótun er með þeim hætti að ekki þarf að fara í grafgötur um hvar Aðalþyggningin stendur í allri þessari kraftmiklu tjáningu. Lögð er áhersla á að ný byggð á háskólasvæðinu taki mið af aðliggjandi byggð hvað hæð og umfang varðar.
- **Þétta byggð á Háskólasvæðinu hæfilega og skapa stækkunar- möguleika fyrir öll fræðasetur ásamt því að gefa kost á þróun nýrra valkosta á svæðinu.**
Háskólatorg og sú þétting sem hafin er sunnan Aðalþyggningar hefur gjörbreytt umgjörðinni um háskólaóð. Til þess að sameina allt Háskólasvæðið í eina samstæða heild er nauðsynlegt að halda áfram að þétta byggðina með því að skipuleggja byggð á auðum reitum, skapa húsrými fyrir eðlilega stækkun til framtíðar, stytta vegagalengdir og móta skjólgóða byggð með notalegum útirýmum. Samtímis er nauðsynlegt að draga úr áhrifum umferðaræða sem kljúfa byggðina í sundur.
- **Styrkja samhengi og innbyrðis tengsl einstakra fræðasetra annars vegar og tengsl milli fræðasetra, stjórnsýslu og þjónustu hins vegar.**
Fyrir liggja hugmyndir um staðsetningu og fyrirkomulag fræðasetra á Háskólaóðinni. Í tillögu að heildrænu skipulagi er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir stækkun fræðasetra til framtíðar og sýna fram á hvernig henni verður best fyrirkomíð með hljóðjón af innri tengingum og skipulagi háskólastarfseminnar. Ennfremur er nauðsynlegt að stuðla að vel útfærðum göngu- og hjólaeíðum milli fræðasetra og annarrar starfsemi á svæðinu. Sameina þarf háskólaþyggð beggja vegna Suðurgötu. Það krefst gagngerra breytinga á götunni frá Melatorgi að Þorragötu.
- **Móta nýja byggð á svæðinu þannig að til verði skjólgóð, sólírk og vel nýtanleg útsvæði.**
Lögð verði áhersla á rýmismótun á milli bygginga og skjólmýndum höfð í fyrirtúmi á gönguleiðum og tengingum milli bygginga utan húss. Ný byggð mun verða staðsett og formuð þannig að hún stuðli að skjólsælum og sólírikum útivistarrýmum sem hvetja til samskipta, þverfaglegra tengsla og afslappaðrar umferðar milli byggin ga. Aukin blöndun og mannlegir snertifletir auka sköpunarkraft í nútíma samfélagi örgjöfa og netmiðla. Unnið verði með inggarða í stærri byggingum eins og kostur er. Annars staðar verði hugað að útirýmum, sérstaklega í tengslum við stærri innirými s.s. stöstofur, fyrirlestarasali o.þ.h.

- **Fegra allt Háskólasvæðið og styrkja staðaranda með nýjum útirýmum, gönguleiðum og mikilli og markvissri gróðursetningu.**
Háskólaóðin býr yfir sterkri ímynd í hugum borgarbúa og væntanlega landsmanna flestra. Fullryrða má að hin klassíska, samhverfa Aðalþyggning með Skeifuna í forgrunni vegi þar þyngst og staðarandi nái hámarki á tróppum Aðalþyggningarinnar. Byggingin stendur hátt í landi og þaðan sér vitt yfir til austurs og suðurs. Mikilvægt er að þessi sterka upplifun spillist ekki. Á sama hátt er tilkomumikið að sjá heim að þessu menntamusteri. Aðalþyggningin er tákn Háskóla Íslands og vert er að reyna að styrkja þessa ímynd. Þess vegna er mikilvægt að móta megin sjónása að byggingunni og halda þeim opnum. Að öðru leyti er lagt til að varða helstu göngu- og hjólaeíðir um svæðið með útlitstaverkum eins og kostur er og vanda og fegra allar útfærslur stíga og útirýma. Síðast en ekki síst er óhjákvæmilegt að planta lauftrjám ósparlega en markvísst um allt svæðið í fegrunar- skyni og gera frekari ráðstafanir til skjólmýndunar gegn helstu vind- áttum á svæðinu.
- **Afmarka og vernda friðland á staðnum.**
Friðlandið í Vatnsmýrinni verði skilgreint og útfært í meginráttum samkvæmt vinningstillögu í samkeppni. Lögð er áhersla á þéttan birkiskóg meðfram Sæmundargötu til að styðja við göturymið á móti Skeifunni.
- **Stuðla að blöndun skóla- og íbúðarbygginga fyrir náms- og starfsmenn til að tryggja lífvænlegt umhverfi.**
Lagt er til að dreifa íbúðarþyggningum og þjónustuhúsnæði fyrir náms- og starfsmenn um Háskólaóðina til þess að forðast einsleitni og tryggja mannlíf á öllu svæðinu. Þjónustustarfsemi á svæðinu stuðlar að fjölbreytni, eykur þægindi og dregur úr óþarfa umferð.
- **Leggja til umhverfisvænar lausnir í byggingum og umhverfi.**
Allar nýbyggingar verði með gróðurþekju á þökum þar sem unnt er að koma því við. Allar nýbyggingar verði líftímaeírknaðar og hannaðar með vistvæna hugsun og orkusparnað í forgrunni. Unnið verði með ofanvatnslausnir samkvæmt nýjustu tækni. Lögð verði áhersla á að móta göngu- og hjólavænt umhverfi á Háskólasvæðinu með útirýmum sem hvetja til félagslegra samskipta.
- **Móta umferðarlausnir á svæðinu sem stuðla að samnýtingu umferðarrýmis og gera alla ferðamáta jafn réttháa.**
Akandi umferð um Suðurgötu frá Melatorgi og suðurúr er umtalsvert minni en umferð t.d. um Sóleyjargötu/Fríkirkjuveg sem byggir á einni akrein í hvora átt. Lagt er til að breyta umhverfi Suðurgötu frá Hringbraut suður að Þorragötu. Breytingin er í því fólgin að draga úr rými fyrir akandi umferð, hægja þannig á umferð um götuna og stór- bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi. Auk þess verði auðveldað að þvera Suðurgötu með upphækkunum og torgmyndunum á mikil vægum stöðum. Með þessu móti er stigið stórt skref til þess að sameina háskólasvæðið í eina virka heild. Leggja skal áherslu á meðvitund og árvekni í stað girðinga og götuljósa. Til framtíðar lítið væri áhugavert að gera þá tilraun á Háskólaóðinni að breyta öllum götum í sameiginlegt umferðarrými.
<http://newurbanismblog.com/shared-streets/>



Aðkomutorg



Suðurgata

Tengsl svæðisins við græna grunngerð/innviði borgarinnar eykur vellíðan og lífsgæði þeirra sem þar dvelja. Háskólasvæðið mun því áfram vera grænt svæði inni í miðborginni með skýrar tengingar við stór útivistar- og náttúrusvæði (Óskjuhlíð, Egissíða, Nauthólsvík). Með nýju skipulagi mun svæðið verða fjölsóttur garður með margvíslegu menntunar og menningarþjónustu við landið allt.



Hringbraut



Dæmigert útirými



Dæmigert íbúðarhús

Yfirlitsmynd - 1:2000

1. Viðbygging við þjóðarbókhliðu. Sérstæð bygging með léttbyggðri tengingu. Hugsanlega bygging fyrir þjóðskjalasafn. Mikið hagræði að hafa safnið í námunda við Háskólabókasafn vegna rannsóknna. Viðbygging um 7.000 m2, 3 hæðir og kjallari. Byggingin styður í senn við Hringbraut og Suðurgötu gegnt þjóðminjasafni og varðar eina meginaðkomu að Háskól- asvæðinu.

2. Birkimelur. Bensinstöð og bílastæðalóðir á forræði Hótel Sögu. Sem- ja þarf við lóðarhafa um lóðirnar. Fjarlægja bensinstöð og færa megnið af bílastæðunum í stóran, aðgengilegan bílajakjallara. Gera ráð fyrir þremur meginbyggingum á lóðinni, annars vegar fyrir starfsemi tengda eða á vegum Hugvísindasviðs og hins vegar stækkun hótels og/eða íbúðir fyrir náms- og starfsmenn/gesti HÍ. Lóð um 11.000 m2. Um 100 íbúðir, meðaðstærð um 45 m2 í tveimur 3ja hæða húsum, samtals um 4.500 m2. Starfsemi sem tengist hugvísindum og bókhliðu í vinkilbyggingu um 5.000 m2 á 3 hæðum. Aðgengileg bílageymsla með um 170 stæði í kjallara í stað þeirra sem fara forgróðum á yfirborði. Lögð er áhersla á góðumynd Birkimels og mótun skjólsæls útirýmis.

3. Vestan Suðurgötu. Lóðin er 7.900 m2 með 6.500 m2 byggingarmagni skv. deiliskipulagi. Enn frekari framtíðarmöguleikar fyrir Hugvísindasvið. Bílastæði að mestu undir byggingum í bílajakjallara. Þarna verður að gæta að hæð bygginga vegna Aðalbyggingar, sbr. Hótel Saga. Byggingin styður götumynd Suðurgötu og aðkomutorg leikur með göturyminu.

4. Dunhagi. Starfs- og námsmannalíbúðir. Fjölbýlishús á 2-4 hæðum með um 2.200 m2 heildarflöt ofanjarðar, 30 íbúðir að meðalstærð um 70 m2. Möguleiki á bílastæðum í kjallara. Byggingin styrkir götumynd Dunhaga og myndar skjólsælt garðsvæði með húsum Endurmenntunar og Raunvísindastofnunar.

5. Nýbyggingar í tengslum við Tæknigarð og Endurmenntun HÍ. Um 4.000 m2 í tveimur 2-3ja hæða byggingum. Brynt er að efla endur- og símenntun Háskóla Íslands til að efla fjölbreytni og styrkja mynd hans með þjóðinni. Þarna tapast nokkur fjöldi bílastæða á jörð. Halda skal í hæfilegan fjölda mjög aðgengilegra bílastæða fyrir Háskólabíð og þjónustu á staðnum. Möguleiki á um 120 bílastæðum í kjallara undir nýbyggingum. Þessar byggingar taka þátt í mótun veinyntanlegra, skyldra útsvæða með núverandi byggingum á staðnum.


6. Hjarðarhagi-Suðurgata. Byggingar fyrir Menntavísindasvið. Mögulegt byggingarmagn um 7.000 m2 á 2-3 hæðum og um 80 bílastæði að mestu í kjallara. Tekið er fullt tillit til klapparsvæðisins á horninu. Hér gæti hentað að vinna með inngarða sem útsvæði.

7. Nýtt vísinda og tæknisafn í tengslum við þjóðminjasafn. Allt að 5.000 m2 bygging á 2-3 hæðum með bílageymsla fyrir um 60 bíla í kjallara. Lögð er áhersla á útsvæði við meginstig og nálægð við Aðalbyggingu.

8. Norðan við Skeifu. Kennsluhúsnæði tengt Stapa, 2-3 hæða bygging, um 600 m2. Tekur þátt í þéttingu að Skeifu og myndar nærumhverfi með aðliggjandi byggingum.

9. Við Gamla-garð. Námsmannagarðar, um 30 íbúðir fyrir einstaklinga. Um 1.000 m2 bygging á 2-3 hæðum. Byggingin styður við og varðar eina helstu aðkomu að Háskólasvæðinu. Byggingin fær mikilsverða hlutverk þar sem hún leysir Gamla –garð að nokkru leyti af hólmí. Mikilvæg staðsetning.

10. Skeifa. Skeifan ásamt Aðalbyggingunni er í hugum flestra tákn Háskóla Íslands og jafnvel svo djúpgreytt að þessi mynd sé eins konar tákn æðri menntunar. Skeifusvæðið virðist mjög lítið notað og þjónar nánast eingöngu sem hluti að uppstillingu eða sviðsmýnd. Að visu er hreyfing upp go niður rampana en sjálf flötin er alveg sneidd lífi og tröppurnar þjóna nánast eingöngu til myndatöku. En þarna er brennipunktur Háskólasvæðis- ins og tákníð það sterkt að ekki er ráð að hrófla mikið við því. Samt sem áður knýr eitthvað á um að gera þetta mikilvæga svæðivirkara og lífligra. Með það fyrir augum er lögð fram hugmynd um að byggja fjölnotasali ásamt tilheyrandi þjónusturýmum undir hlaðinu framan við Aðalbygginguna og stór bílageymsla undir yfirborði Skeifunnar.. Þetta má gera án þess að breyta tröppunum og formi Skeifunnar. Jafnfram yrði yfirborðefni breytt, grasflatar minnkaðar og hart yfirborð lagt framan við sali og í jörðum við rampa. Samtímis mætti planta tráróð upp bogarampana báðum megin án þess að taka Aðalbygginguna úr fokus.



Áfangaskipting.

Þær nýbyggingar og framkvæmdir sem settar eru fram hugmyndir um eru óháðar hver annarri og hægt er að ráðast í byggingu hverrar þeirra hvenær sem hentar fyrir starfsemi skólans. Þarna er hámarks sveigjanleiki og margir valkostir í boði fyrir skólann til að stækka þar sem þörfin er mest. Lítið er á umferðarlausnir og Fluggarðasvæðið sem séráfangi og sem- ja þarf sérstaklega um lóðir við Birkimel. Annað virðist á forræði Háskóla Íslands að ráðstafa eftir hentugleika.

Stærðir

Heildarfjöldi íbúða á svæðinu fyrir náms- og starfsmenn: Um 500 íbúðir
Áætlað viðbótarbyggingarmagn skólabygginga: Um 38.000 m2
Áætlað viðbótarbyggingarmagn safnabygginga: Um 27.000 m2
Áætlað viðbótarbyggingarmagn vísindagarða ofl.: Um 26.000 m2
Hugsanlegur fjöldi bílastæða í bílageymslum neðan jarðar: Um 1.400 stæði

11. Austan við Sæmundargötu. Fyrirhugaður birkiskógur þétt að götu. Skógurinn styður við Sæmundargötu á móti Skeifunni. Hann brúar ein- nig bilið milli friðlandsins og borgarumhverfis. Saman mynda friðlandið, skógurinn og Skeifan hinn eiginlega Háskólagarð í beinu framhaldi af HÍ- jómskálagarði með miðborgina á hinum endanum.

12. Sunnan við Skeifu. Nýbygging fyrir Félagsvísindasvið, um 600 m2, 2-3 hæðir. Tengist Gimli neðan jarðar. Tekur þátt í þéttingu að Skeifu og myndar nærumhverfi með aðliggjandi byggingum.

13. Við Sæmundargötu. Náms- og starfsmannalíbúðir í tveimur 3ja hæða byggingum. Heildarflötur um 2.800 m2, um 60 íbúðir. Bílageymsla fyrir um 50 bíla í kjallara. Byggingarnar taka þátt í mótun göturymis Sæmundargötu sem er margslungin.

14. Nýbygging fyrir Félagsvísindasvið eða Menntavísindasvið við Ár- nagarð. Byggingin getur verið allt að 2.400 m2 á 3 hæðum. Bílageym- sla með um 20 stæðum möguleg í kjallara. Byggingin styrkir götumynd Suðurgötu. Hugsanlega má byggja glerbyggingu yfir rýmið milli Árnagarðs og nýbyggingar. Þar með myndi HÍ eignast vetrargarð til fjölnota í bygging- arlíðru sína.

15. Austan Suðurgötu. Starfs- og námsmannalíbúðir í stökum 3ja og 4ra íbúða 2ja hæða húsum með aðkomu frá Suðurgötu. Samtals um 30 íbúðir í 8 húsum. Af tillitsemi við hús ofan við Aragötu er byggingunum tyllt á bak- kann í götuhæð og dregin inn í núverandi göturymi sem er mjökkað. Þær eru ein og ef til vill að litlum hluta tvær hæðir að götu og ein hæð niður að garði. Þessi röð húsa styður við rýmismyndun í Suðurgötu og gatan fær á sig blá borgargötu fyrir bragðið.

16. Byggingarlíóð fyrir námsmannalíbúðir með aðkomu frá Þorragötu. Lóðin getur verið um 3.600 m2 að stærð með tæplega 4.000 m2 bygging- armagni vegna nálægðar við opin svæði. Gert er ráð fyrir þremur 3ja hæða húsum með um 40 íbúðum. Húsin taka þátt í mótun jaðars Háskólalóðarín- nar.

17. Stækkunarmöguleikar við Öskju fyrir Verkfræði- og náttúruvísind- asvið. Heildarstærð byggingar gæti orðið um 12.000 m2 á 2-3 hæðum. Byggingin tekur mið af því að hún liggur í útkanti friðlandsins.

18. Fluggarðareitur. Nýrstr á reitnum verði afmörkuð lóð fyrir fullbúið og heildstætt náttúruminjasafn í tengslum við Öskju og aðliggjandi mannvirki. Áætluð stærð lóðar er um 18.000 m2 með um 15.000 m2 byggingarmagni fyrir safn sem byggja mætti í áföngum. Bílastæði á lóð og í kjallara. Miðsvæðis á reitnum verði gert ráð fyrir stækkun vísindagarða þar sem hugsanlega mætti byggja yfir náttúrutengdar stofnanir svo sem Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun o.fl.. Um er að ræða fjórar lóðir, samtals um 22.000 m2 með heildarbyggingarmagni upp á um 25.000 m2. Reiknað er með bílastæðum í götum, á lóðum og í kjöllum. Syöst er áformuð íbúðar- og þjónustubyggð til handa námsmönnum og starfsfólki Háskóla Íslands. Gert er ráð fyrir 200-250 íbúðum í 4-5 hæða fjöl- býlishúsum með rúmum og skjólgóðum garðsvæðum. Lóðin er um 23.000 m2 og heildarbyggingarmagn um 25.000 m2. Bílastæði eru í götum, á lóð og í kjöllum. Gert er ráð fyrir að hverfastöð Reykjavíkurborgar við Njarðargötu hafi óbreytt svæði til ráðstöfunar um óákveðinn tíma. Jafnframt er lítið svo á að umrædd lóð geti nýst komi til stækkunar Íslenskrar erfðagreiningar.

19. Hringbraut á milli Sæmundargötu og Melatorgs. Gatan verði hæk- kuð upp á þessum kalfa og meðhöndluð sem sameiginlegt umferðarsvæði akandi, gangandi og hjólandi í því skyni að styrkja tengsl háskólalóðar við miðborg og hlífa íbúum húsa á þessu svæði við umferðarhávaða. Svæðið verði hannað á viðeigandi hátt með hellu- og steinalögn ásamt trjágróðri. <http://newurbanismblog.com/shared-streets/>

20. Suðurgata. Breyta götunni á kafflanum frá Melatorgi að þorragötu í einfalda götu fyrir akandi og bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi. Markmiðið er að gera Suðurgötu að götu á Háskólasvæðinu í stað þess að vera gata í gegnum Háskólasvæðið. Akreinin er fækkað í eina í hvora átt og þverrunum er gefinn forgangur með upphækkunum og breyttu yfirborði á völdum köflum við gatnamót. Gatan verði græn gata með því að planta trjáróðum og gera göturymið að vettvangi ofanvatnslausna. Til framtíðar lítið vænt áhugavert að gera þá tilraun á Háskólalóðinni að breyta öllum götum í sameiginlegt umferðarrými.

Stærðir

	Staðsetning - bygging	fyrirhuguð notkun	áætluð stærð lóðar, m2	áætluð stærð brúttó, m2	fjöldi hæða ofan jarðar	áætl. fj. stæða í bílajakjöllum
1	Viðb. v. þjóðarbókh.	þjóðskjalasafn	22.000	7.000	3	
2	Birkimelur	100 íb. - hugvísindasv.	11.000	9.500	3	170
3	Suðurgata, skv. deilisk.	hugvísindasv.	7.900	6.500	3	100
4	Tækning. Endurm.	endurmenntun	5.000	4.000	2-3	120
5	Dunhagi	30 íbúðir	2.200	2.200	2-4	30
6	Hjarðarhagi-Suðurgata	menntavísindasvið	8.000	7.000	2-3	80
7	Vísinda- og tæknisafn	safnastarfsemi	4.500	5.000	2-3	60
8	Norðan við Skeifu	kennsluhúsnæði	1.000	600	2-3	
9	Austan við Gamla-garð	30 einstakl.íbúðir	1.500	1.000	2-3	
10	Skeifa	Fjölnotasali		2.500	1	
10	Skeifa	bílageymsla undir flöt		18.000	0	500
11	Austan við Sæmundarg.	friðland-birgskógur				
12	Sunnan við Skeifu	félagsvísindasvið	1.000	600	2-3	
13	Austan við Nýja-garð	60 íb. náms- og starfsm.	3.500	2.800	3	
14	Við Árnagarð	félagsv.sv.-menntav.sv.	2.000	2.400	3	
15	Við Suðurgötu	30 íbúðir í 8 húsum	7.200	2.800	2-3	
16	Við Þorragötu	40 íbúðir 3 húsum	3.600	4.000	3	
17	Við Öskju	verkfr. og náttúruv.sv.	10.000	12.000	3	
18	Fluggarðareitur	náttúruminjasafn	18.000	15.000	2-3	100
18	Fluggarðareitur	vísindagarðar	22.000	25.000	3-4	120
18	Fluggarðareitur	200-250 íbúðir	23.000	25.000	4-5	120

